


FÓÐURHÚS





EFNI

- ☐ band
- ☐ naglar
- ☐ olía / viðarvörn
- ☐ skúfur
- ☐ viðarlengja 9 cm breidd
- ☐ viðarlengja 12cm breidd

VERKFÆRI

- ☐ bakkasög
- ☐ bor & borvél
- ☐ brennipenni
- ☐ laufsög
- ☐ reglustika/tommustokkur
- ☐ sandpappír
- ☐ skúfjárn
- ☐ vinkill





1

VERKLÝSING

- Fáðu viðarlengju hjá kennara í þremur mismunandi breiddum
- Taktu lengjuna sem er í mið breidd og mældu mældu þrjú 20 cm löng stykki. Þetta verða hliðar og botn.
- Nú tekurðu breiðustu lengjuna og mælir 26 cm langan bút sem verður þak.
- Notaðu vinkil til að strika beina línu þvert yfir viðinn þar sem mælingarnar eru. Þannig verður hún hornrétt (90°).



2

- Festu bakkann við hefilbekk.
- Nú festir þú viðarlengjuna í bakkann og sagar með bakkasöginni eftir línunum sem þú merktir.
- Pússaðu brúnirnar á með sandpappír.
- Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150 og 240.



3

VERKLÝSING

- Mældu fyrir tveimur skrúfum á endatimbrinu.
- Boraðu göt með 0,5 mm mjórri bor en skrúfurnar sem þú notar.
- Festu í hefilbekkinn og skrúfaðu botn og hliðar saman.



4



- Mældu fyrir götum til að hengja húsið upp.
- Mældu einnig fyrir skrúfum til að festa þakið á húsið.
- Boraðu göt með sömu breidd af bor og áðan.
- Skrúfaðu þakið á húsið.



5


VERKLÝSING

- Nú þarf að útbúa tvo hliðarlista en þeir eiga að vera jafn langir og lengdin á húsinu.
- Mældu og merktu lengdina á mjóustu viðarlengjuna.
- Fylgdu sömu skrefum og fyrr:
- Notar vinkil til að fá hornréttu línu.
- Festu bakkann við hefilbekk og viðarlengjuna í bakkann og sagaðu með bakkasöginni eftir línunni sem þú merktir.




6

- Nú þarf að festa hliðarlistana á grindina af fuglahúsinu.
- Mældu fyrir nöglum og merktu með blýanti.
- Notaðu fínlega listanagla sem þú færð hjá kennara.



7



- Skreyttu með brennipenna ef þú vilt.
- Berðu olíu eða fúavörn á fuglafóðurhúsið.

